

Verkefnaráð**Fundargerðir: Verkefnaráð 12.06.2025**

Verkefnaráð.....	1
Fjárhagskerfi fasi 2 – Ósk um fjármagn	2
Flutningur starfsfólks á milli léna – Kynning verkefnastjóra	5

Verkefnaráðsfundur 12.06.2025

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2025
Dagsetning 12.06.2025	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Sandholt, Ólafur Sólimann Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Erna Kristjánsdóttir, Hannes Agnarsson Johnson, Bergdís Björk Sigurjónsdóttir og Sævar Guðbergsson	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir / Eva Björk Björnsdóttir	

Fimmtudagur 12. júní 2025, kl. 10:00 –10:50 6.hæð austur, Presthús, Borgartún 12-14

10:00 -10:05 Samstilling

10:05–10:20 Fjárhagskerfi fasi 2 – Ósk um fjármagn:

Erna, Hannes og Bergdís

10:20–10:25 Umræður

10:25–10:40 Sameining á starfsfólki á milli domain - Kynning verkefnastjóra:

Sævar

10:40–10:50 Umræður

Fjárhagskerfi fasi 2 – Ósk um fjármagn


Að uppfæra fjárhagskerfi er flókið og krefst fjárfestingar sem þarfnast vel verkstýrðar þarfagreiningar. Fjárhagskerfi Reykjavíkurborgar liggur þvert á borgina og snertir allar einingar hennar með einhverjum hætti. Gera þarf breytingar á fjárhagskerfinu og sýnir núverandi þarfagreining að þörf er á enn ítarlegri greiningu á ferlum og kröfum áður en val á nýju kerfi fer fram. Fjárfesting í réttu kerfi og vönduðu innleiðingarferli borgar sig til lengri tíma með aukinni ábyrgð, betri yfirsýn, skilvirkari rekstri og bættri þjónustu.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

48,2 – 70,2 m.kr. fyrir dýpri þarfagreiningu fjárhagskerfis sem talið er nauðsynlegt skref til þess að byggja góðan grunn fyrir rétt val á kerfi og farsæla innleiðingu.

Lagt er til að farið verði leið A til þess að ná fram bestum árangri:

Tillaga að leiðum – ákvörðun



Hvað er búið að gera:

- Hagsmunaaðilagreiningu
- Vinnustofur með hagaðilum
- Kerfis lýsingu, samskipti núverandi kerfis við önnur kerfi
- Tæknileg hönnun kortlögð
- Markaðskönnun
- Ferlagreining hafin (AS IS)

Með verkefninu á m.a að:

- Framkvæma ítarlegri ferlagreiningu með aðkomu ráðgjafa
- Kortleggja núverandi vinnulag og meta árangursríkari leiðir
- Rýna í hvaða kerfiseiginleikar styðja við góða og skilvirka lausn
- Fá faglega aðstoð við val á lausn sem hentar borginni

Væntur ávinningur/ábati:

Innleiðing á vel völdu kerfi og markviss nýting gagna stuðlar að aukinni skilvirkni og hagkvæmni í starfsemi borgarinnar í heild. Ávinningurinn felst í tímasparnaði, lækkuð rekstrarkostnaðar og bættri ákvarðanatöku.

- Gera má ráð fyrir allt að 40% tímasparnaði í störfum starfsmanna.

Annar ábati:

- Aukin starfsánægja með bættem ferlum og kerfi

- Bætt ímynd
- Ánægja borgarbúa – meiri skilvirkni í afgreiðslu þjónustuþega

Tímarammi: 6 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 70,2 m.kr.

Næstu skref:

- Nústöðuskráningu ferla haldið áfram (AS IS)
- Skráning á breyttum ferlum (TO BE)
- Tækifæri í sjálfvirknivæðingu ferla
- Dýpri yfirferð með hagsmunaaðilum og notendum
- Kerfishönnun og stefnumörkun í vali á fjárhagskerfi
- Uppsetning bókhaldslíkans og nýting gagna til framtíðar
- Undirbúningur kröfulýsingar
- Drög að innleiðingaráætlun

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs 12.06.2025: 4,33

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnaráð samþykkir leið A ef fyrir liggur stuðningur frá fjármála- og áhættustýringarsviði, verkefnið er samþykkt til forgangsörðunar hjá stafrænu ráði. Verkefnaráð óskar eftir að fá kynningu á skýrslunni (tæknistakkur FAS).

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnið er samþykkt til forgangsörðunar hjá stafrænu ráði.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga FAS og verkefnastjóra verkefnisins	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Flutningur starfsfólks á milli léna – Kynning verkefnastjóra

Verkefnið fólst í yfirfærslu um 6.500 starfsmanna úr léninu @rvkskolar.is yfir í lénið @reykjavik.is og var verkefnið upphaflega hluti af innleiðingu á Microsoft 365 (M365). Þetta var umfangsmikið verkefni sem náði til yfir 150 starfsstaða og fól í sér bæði tæknilegar og skipulagslegar breytingar. Allar tölvur voru annaðhvort enduruppsettar eða endurnýjaðar og gögn flutt yfir í nýtt umhverfi, þar á meðal heimasvæði í OneDrive, Teams-svæði og tölvupóstur. Innleiðing á Intune (þjónusta frá Microsoft sem sér um stjórnun og öryggi tækja og forrita) og tvíþættri auðkenningu með Microsoft Authenticator tryggði aukið öryggi og betri aðgangsstýringu. Verkefnið var hluti af stærra umbreytingarferli sem hófst haustið 2022 og var unnið í áföngum með verklok áætluð í ágúst 2025.

Hvernig gekk verkefnið:

- Verkefnið gekk almennt mjög vel og var vel undirbúið með skýrum verkferlum og góðri upplýsingagjöf.
- Helstu áskoranir voru tengdar prenturum, röngum skráningum á búnaði, þráðlausu neti í leikskólunum og aðgangshópar voru ekki skráðir eins á öllum starfsstöðum.
- Verkefnið var unnið í áföngum frá hausti 2022 og stefnt er að verklokum í ágúst 2025.

Lærdómur af verkefninu:

- Mikilvægt að hafa skýra stefnu í upplýsingatæknimálum og samræmt verklag í skólaumhverfi.
- Undirbúningur, eftirfylgni og góð samskipti við starfsfólk skipta sköpum fyrir árangur.
- Tækifæri til hagræðingar komu í ljós, t.d. varðandi búnað, aðgangsstýringar og geymslu gagna.

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur verkefnaráðs verður 14.ágúst 2025.